

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 10. febrúar 1997****um að ákveða aðferðir fyrir skiptin milli evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins í bandalaginu (EÞK 95) og evrópska þjóðhagsreikningakerfisins (2. útgáfu EÞK)(*)****(97/178/EB, KBE)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu,

með hliðsjón af 3. mgr. 8. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfið í bandalaginu ⁽¹⁾ og 6. gr. tilskipunar ráðsins 89/130/EBE, KBE frá 13. febrúar 1989 um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin gerir ráð fyrir að aflétta fyrirvörum á útreikningi aðildarríkjanna á vergri þjóðarframleiðslu (VÞF) eigi síðar en 31. desember 1998.

Ólíkar niðurstöður fást við notkun EÞK 95 annars vegar og 2. útgáfu EÞK hins vegar.

Til að unnt sé að beita 1. og 2. mgr. 8. gr. í reglugerð EB nr. 2223/96 gagnvart EÞK 95 þarf í síðasta lagi í desember 1996 að gera grein fyrir muninum á skilgreiningum í EÞK 95 og 2. útgáfu EÞK og leggja mat á áhrif hans, með það fyrir augum að umreikna upplýsingar um VLF (verga landsframleiðslu) og VÞF samkvæmt EÞK 95 yfir í upplýsingar um VLF og VÞF samkvæmt 2. útgáfu EÞK.

Ef frekari munur á 2. útgáfu EÞK og EÞK 95, sem hefur áhrif á VLF eða VÞF, kemur fram eftir samþykkt þessarar ákvörðunar mun framkvæmdastjórnin grípa til ráðstafana til að breyta viðaukanum við þessa ákvörðun, í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 2223/96.

Í 19. gr. reglugerðar ráðsins (EBE, KBE) nr. 1552/89 frá 29. maí 1989 um framkvæmd ákvörðunar 88/376/EBE, KBE um skipulag á eigin tekjum bandalagsins ⁽³⁾ er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli í samvinnu við hlutaðeigandi aðildarríki

kanna á hverju ári heildartölurnar sem lagðar eru fram yfir eigin tekjur, einkum í þeim tilvikum sem VÞF-nefndin tilgreinir.

Ráðstöfunum, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, skal beitt með hliðsjón af meginreglunni um hagkvæmni, þó þannig að tryggt sé að matið á VLF og VÞF verði sem best.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndar sem komið var á fót með 6. gr. tilskipunar 89/130/EBE, KBE.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum eru talin upp þau atriði sem fela í sér mun á skilgreiningum í 2. útgáfu EÞK og EÞK 95 og VÞF-nefndin hefur staðfest og samþykkt fyrir 31. desember 1996 og hafa áhrif á VLF eða VÞF. Aðildarríkin skulu meta og skrá hvert það atriði sem felur í sér mun á skilgreiningum og beita við það meginreglunni sem mælt er fyrir um í 2. gr. Þau skulu veita framkvæmdastjórninni nauðsynlegar upplýsingar og skýringar um einstök atriði, sem fela í sér mun, í samræmi við 5. gr. tilskipunar 89/130/EBE, KBE.

2. gr.

Upplýsingar um VÞF, sem eru byggðar á 2. útgáfu EÞK og veittar samkvæmt tilskipun 89/130/EBE, KBE, og upplýsingar um VLF, sem eru veittar samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) 3605/93 frá 22. nóvember 1993 um beitingu bókonar um málsmeðferð vegna of mikils fjárlagahalla sem myndar viðauka við stofnsáttmála Evrópubandalagsins ⁽⁴⁾, eru leiddar af upplýsingum sem byggðar eru á EÞK 95 og aðildarríkin leggja fram samkvæmt 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2223/96, með því að leiðrétta síðarnefndu upplýsingarnar þannig að tekið sé tillit til áhrifa þeirra atriða sem fela í sér mun á skilgreiningum í 2. útgáfu EÞK og EÞK 95 og um getur í 1. gr.

Gera má stuttlega grein fyrir þessari meginreglu með eftirfarandi jöfnum:

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 75, 15.3.1997, bls. 44, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 310, 30. 11. 1996, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 49, 21. 2. 1989, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 155, 7. 6. 1989, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 332, 31. 12. 1993, bls. 7.

- a) Upplýsingar um VLF sem eru byggðar á 2. útgáfu EÞK
- = upplýsingar um VLF sem eru byggðar á EÞK 95
- summa þeirra fjárhæða sem reiknaðar eru út fyrir atriðin sem fela í sér mun á skilgreiningum í EÞK 95 og 2. útgáfu EÞK og um getur í 1. gr.

- b) Upplýsingar um VÞF sem eru byggðar á 2. útgáfu EÞK
- = upplýsingar um VÞF sem eru byggðar á EÞK 95
- summa þeirra fjárhæða sem reiknaðar eru út fyrir atriðin sem fela í sér mun á skilgreiningum í EÞK 95 og 2. útgáfu EÞK og um getur í 1. gr.

3. gr.

1. Ákvæðin í 1. og 2. gr. þessarar ákvörðunar gilda um:

- a) Upplýsingar um VÞF fyrir árið 1998 og eftir það sem eru veittar samkvæmt tilskipun 89/130/EBE, KBE meðan ákvörðun ráðsins 94/728/EB, KBE frá 31. október 1994 um skipulag á eigin tekjum bandalagsins ⁽¹⁾ er í gildi.

- b) Upplýsingar um VLF fyrir árið 1998 sem eru veittar á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 3605/93.

Þessi ákvæði geta einnig gilt um:

- c) Upplýsingar um VÞF og VLF fyrir árin 1995 til 1997 sem aðildarríkin kunna að veita á grundvelli EÞK 95 í samræmi við tilskipunina og reglugerðina sem um getur í a- og b-lið 1. mgr.

2. Séu veittar þær upplýsingar, sem um getur í c-lið 1. mgr., skulu aðildarríkin, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, tilkynna fjárhæðirnar sem eru afleiðing af mun á skilgreiningum í 2. útgáfu EÞK og EÞK 95.

4. gr.

Ef ákvörðun 94/728/EB, KBE er enn í gildi eftir 31. desember 1999 mun framkvæmdastjórnin endurskoða þessa ákvörðun og gera viðeigandi ráðstafanir ef þess gerist þörf.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. febrúar 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yves-Thibault DE SILGUY

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjótið. EB nr. L 293, 12. 11. 1994, bls. 9.

VIÐAUKI

BREYTINGAR ÚR EÞK 79 Í EÞK 95 SEM HAFA ÁHRIF Á VLF EÐA VÞF**Skrá yfir breytingar**

Í þessu skjali er lýst eftirfarandi breytingum á hugtökum sem hafa áhrif á VLF eða VÞF:

1. Búsetuviðmiðanir
2. Óbeint mæld fjármálaþjónusta (ÓMF)
3. Tryggingar
4. Endurfjárfestur hagnaður af beinum fjárfestingum erlendis
5. Vextir
6. Náttúrulegur vöxtur ræktarjurta
7. Hugbúnaður og stórir gagnagrunnar
8. Búnaður og ökutæki til hernaðarnota, að vopnum undanskildum
9. Yfirstandandi vinna við þjónustu („þjónustubirgðir“)
10. Útgjöld vegna námurannsókna
11. Afskriftir af vegum, brúm o.s.frv.
12. Opinber leyfi og gjöld
13. Mat á framleiðslu til eigin nota og framleiðslu sem er afrakstur sjálfboðavinnu
14. Virðislagmark fyrir fjárfestingarvörur
15. Viðmiðanir vegna greinarmunarins á markaði/utan markaðar
16. Styrkir
17. Frumverk skemmtiefnis, bókmenntaverka og listaverka
18. Þjónusta sem tengist leyfi til að nota frumverk skemmtiefnis, bókmenntaverka og listaverka
19. Bílskúrar
20. Bifreiðaskráningargjöld sem heimili greiða
21. Greiðslur til starfsmanna í friðu
22. Leyfi til að nota óáþreifanlegar eignir sem eru ekki framleiddar
23. Stimpilgjöld

Um hugtakanotkunina

Ástæða er til að gera fyrst athugasemd um hugtakanotkunina. Rétt er að athuga að ýmis hugtök úr EÞK 79, sem talin eru upp í VÞF-spurningalistanum, hafa verið felld brott í EÞK 95. Dæmi um þetta er framleiðsla á markaðsverði (P10), vergur virðisauki á markaðsverði (N1p) og neysla á efnahagssvæðinu (P3B). Þótt í stað sumra hugtaka í EÞK 79 séu komin í EÞK 95 hugtök sem eiga betur við merkir það auðvitað ekki að ekki megi taka saman upplýsingar á grundvelli gömlu hugtakanna í tengslum við EÞK 95. Vitaskuld er unnt að reikna heildartölurnar í EÞK 79 út frá nákvæmum þjóðhagsreikningum á grundvelli EÞK 95, að því tilskildu að gerð sé sérstaklega grein fyrir hverri breytingu á hugtaki. Þótt vergur virðisauki á markaðsverði sé ekki sjálfstætt hugtak í EÞK 95 hefur það vissulega þýðingu að ræða um og reikna út vergan virðisauka á markaðsverði, séu allir þættir heildartölunnar metnir samkvæmt reglum EÞK 95.

Yfirlitstafla

Í töflu 1 er veitt yfirlit yfir áhrifin af hverri einstakri breytingu á hugtaki sem talin er upp hér á undan.

Í töflu 1 er lýst áhrifum breytingarinnar úr EÞK 79 í EÞK 95. Töfludálkarnir samsvara breytingum á hugtökum og eru auðkenndir með númerunum í skránni yfir breytingar hér á undan. Í töflunni táknar „+“ áhrif til hækkunar á atriðið sem um ræðir, „-“ áhrif til lækkunar, „x“ að áhrif geta orðið en óvíst er hvort þau verða til hækkunar eða lækkunar.

Kröfur að því er varðar skýrslugerð

Í skjalinu er fjallað um framkvæmd breytinga á skilgreiningum frá EÞK 79 til EÞK 95, en þær eru stundum flóknar og því tekur greiningin til margra smáatriða. Ekki ber að skilja þessa nákvæmni sem kröfu um sambærilega nákvæmni í skýrslugerð.

Breyting frá EÞK 79 til EÞK 95

VÞF-SPURNINGALISTI (EÞK 79)		Breyting á númeri hugtaksv																							
		EÞK-tákn	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23
FRAMLEIÐSLUUPPGJÖR																									
1	Framleiðsla vöru og þjónustu (á framleiðsluverði, án VSK á reikningi)	P10	x		+			x	x	x	x		+		+		x	—	+	+	+	+	+	+	+
2	Aðföng (á kaupverði, án frádráttarbærs VSK)	P20	x	x	+				—	—		—		+		+	—	+	+	+		—	+	+	
3	Vergur virðisauki á markaðsverði (án VSK)	N1p	x	x	x			x	+	+	x	+	+	—	+	—	x	—	x	x	+	+	+	x	+
4	Virðisaukaskattur á vöru og þjónustu	R21																							
5	Innflutningsgjöld (án VSK) R	29																				+			
6	Innflutningsstyrkir R39																								
RÁÐSTÖFUNARUPPGJÖR																									
7	Neysla heimila	P3Ap	x	+	+									+	+		x	—	—		+	+	+		+
8	Neysla innlendra heimila erlendis	P32	x		x																			+	
9	Neysla erlendra heimila á efnahagssvæðinu	P33	x		x																			+	
10	Neysla heimila á efnahagssvæðinu	P3Bp	x	+	+									+	+		x	—	—		+	+	+		+
11	Samneysla einkarekinna sjálfseignarstofnana	P3Bp		+	+				x					—	—	x	x		—	x				x	+
12	Samneysla hins opinbera	P3Bp		+	+				x	x			+	—	—	x	x		—	x				x	+
13	Neysla á efnahagssvæðinu	P3B		+	+				x	x			+	—	x	x	x	—	—	x	+	+	+	x	—
14	Fjármunamyndun	P41							+	+		+				+	—								+
15	Birgðabreytingar	P42	x					x			x								+						
16	Útflutningur vöru og þjónustu	P50	x	+	+														+	+	x			+	
17	Innflutningur vöru og þjónustu	P60	x	+	+														+	+	x			+	
18	Jöfnuður útflutnings og innflutnings	P50-P60	x	x	x														x	x	x			x	
TEKJUSKIPTINGARUPPGJÖR																									
19	Laun og launatengd gjöld sem innlendir atvinnurekendur inna af hendi	R10	x																				+		
20	Vergur rekstrarafgangur hagkerfisins	N2	x	x	x			x	+	+	x	+	+		+	—	x	—	x	x	+			x	
21	Framleiðslugjöld og innflutningsgjöld	R20	x																			+			+
22	Framleiðslustyrkir og innflutningsstyrkir	R30	x														x								
23	VERG LANDSFRAMLEIÐSLA Á MARKAÐSVERÐI	N1	x	x	x			x	+	+	x	+	+	—	+	—	x	—	x	x	+	+	+	x	+
24	Laun og launatengd gjöld frá útlöndum		x																				+		
25	Laun og launatengd gjöld til útlanda		x																				+		
26	Tekjur af eignum og atvinnurekstri frá útlöndum		x	x	+	+	x												—	—	x				
27	Tekjur af eignum og atvinnurekstri til útlanda		x	x	+	+	x												—	—	x				
28	VERG ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA Á MARKAÐSVERÐI		x	+	x	x	x	x	+	+	x	+	+	—	+	—	x	—	x	x	+	+	x	x	+
Athugasemd:																									
(+) Áhrif til hækkunar (stærri en eða jöfn 0)																									
(-) Áhrif til lækkunar (minni en eða jöfn 0)																									
(x) Áhrif geta orðið, óvist hvort þau verða til hækkunar eða lækkunar																									
(?) Ólíklegt er að áhrifin skipti máli að því er varðar fjórðu tekjulindina																									

1. Búsetuviðmiðanir

Lykilorð

	EÞK 79	EÞK 95
Námsmenn	207, 210c	2.10
Uppsetning búnaðar	207	2.09 1. nmgr.
Byggingarstarfsemi erlendis	207	2.09 1. nmgr., 2.15a

Lýsing á breytingunni

Í EÞK 95 eru settar skýrar búsetuviðmiðanir vegna námsmanna, uppsetningar búnaðar og byggingarstarfsemi erlendis. Viðmiðanirnar eru aðrar en í EÞK 79 í öllum þessum tilvikum.

Í EÞK 95 segir að ætíð sé litið svo á að námsmenn hafi búsetu í heimalandi sínu, hversu lengi sem þeir dveljast erlendis. Jafnskýrar búsetuviðmiðanir en frábrugðnar þessum (eins árs reglan) voru settar í EÞK 79. Því er um greinilega breytingu á reglum að ræða frá EÞK 79 til EÞK 95.

Að því er varðar uppsetningu búnaðar og byggingarstarfsemi, sem hefur í för með sér fjármunamyndun erlendis, er einnig að finna í EÞK 95 sértækar og skýrar leiðbeiningar um búsetu. Þegar um ræðir uppsetningu búnaðar er framleiðslan skráð í upprunalandinu en ekki í landinu þar sem sett er upp. Þegar um ræðir byggingarstarfsemi erlendis, sem hefur í för með sér fjármunamyndun, er framleiðslan skráð þar sem byggt er.

Í EÞK 79 eru ekki gefnar sérstakar leiðbeiningar um síðarnefndu tilvikin tvö. Því eru búsetuviðmiðanir, sem beita skal vegna þessarar starfsemi samkvæmt EÞK 79, almennu viðmiðanirnar í 207. lið (þ.e. eins árs reglunni er beitt til að ákvarða búsetu). Því er um að ræða breytingu frá EÞK 79 til EÞK 95 á viðmiðunum sem beita skal í þessum tveimur tilvikum. Í EÞK 95 er ekki lengur litið á uppsetningarpjónustu sem framleiðslu svæðisins þar sem sett er upp enda þótt starfsemin kunni að standa lengur en eitt ár. Einnig er í EÞK 95 litið á byggingarstarfsemi, sem hefur í för með sér fjármunamyndun, sem framleiðslu svæðisins þar sem byggt er enda þótt starfsemin kunni að standa skemur en eitt ár. Rétt er að benda á að þrátt fyrir þessar breytingar er líklegt að raunáhrif á VÞF verði lítil eða engin þegar um ræðir mörg stök verkefni (sjá skýringuna hér á eftir um yfirfærslu hagnaðar frá ímynduðum innlendum einingum).

Afleiðingar breytingarinnar

Hinar nýju reglur um námsmenn erlendis hafa aðeins áhrif á VÞF að því er varðar skiptin úr VLF í VÞF. Frumtekjur, sem slíkir námsmenn þiggja eða greiða, geta í EÞK 79 talist frumtekjur sem gistilandið þiggur/greiðir en í EÞK 95 frumtekjur sem heimalandið þiggur/greiðir. Líklegt er að í raun verði fjárhæðirnar litlar.

Af þeim sökum er nægilegt að beina athyglinni að hinum atriðunum tveimur.

Í **framleiðsluuppgjörinu** telst uppsetning búnaðar erlendis, sem er í samræmi við eins árs regluna í EÞK 79, vera erlend framleiðsla í EÞK 79 en innlend framleiðsla samkvæmt reglum EÞK 95. Á hinn bóginn telst byggingarstarfsemi erlendis, sem hefur í för með sér fjármunamyndun og er á vegum innlendra framleiðenda en er ekki í samræmi við eins árs regluna í EÞK 79, vera framleiðsla heimahagkerfisins samkvæmt reglum EÞK 79 en erlend framleiðsla samkvæmt reglum EÞK 95. Áhrif þessa á framleiðslu, aðföng og vergan virðisauka koma fram í töflu 1.

Ef viðskiptin taka bæði til uppsetningar og byggingarstarfsemi erlendis á vegum stofnanabundinna innlendra framleiðslueininga og sams konar starfsemi innanlands á vegum stofnanabundinna erlendra framleiðslueininga er ekki unnt að segja fyrir um hvort heildaráhrifin verða til hækkunar eða lækkunar.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** hafa hinar nýju reglur um námsmenn áhrif á neyslu heimila; breytingar á innflutningi og úttflutningi vega þar upp á móti. Nýjar reglur um uppsetningarpjónustu og byggingarstarfsemi

erlendis hafa áhrif á útflutning og innflutning þjónustu. Aftur fer það eftir aðstæðum í landinu hvort heildaráhrifin verða til hækkunar eða lækkunar.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** er líklegt að nýjar reglur um bæði uppsetningarþjónustu og byggingarstarfsemi erlendis hafi veruleg áhrif á laun og launatengd gjöld og rekstrarafgang. Þar eð um ræðir viðskipti í báðar áttir við útlönd fer það eftir aðstæðum hverju sinni hvort heildaráhrifin verða til hækkunar eða lækkunar.

Að því er varðar **breytinguna frá VLF til VÞF** svara áhrif nýrra reglna um uppsetningarþjónustu og byggingarstarfsemi erlendis á laun og launatengd gjöld og eignatekjur til þeirra áhrifa sem fjallað er um í tengslum við tekjuskiptingaruppgjörið.

Rétt er að athuga að hvað varðar vergar þjóðartekjur skiptir það ekki máli samkvæmt reglum EÞK 95 hvort búin er til ímynduð innlend eining fyrir byggingarstarfsemi erlendis á vegum innlendra stofnanabundinna framleiðslueininga, nema hvað varðar afskriftir vegna notkunar véla og búnaðar á byggingarstaðnum erlendis, en samkvæmt reglum EÞK 79 er þessu ekki alltaf svo hátt. Að þetta skuli skipta máli samkvæmt reglum EÞK 79 stafar af því að í kerfunum tveimur er farið með óráðstafaðan hagnað af beinum fjárfestingum erlendis á ólíkan hátt. En þar eð skylt er, samkvæmt skilgreiningu, að skila til heimalandsins innan árs óráðstöfuðum hagnaði fyrirtækja sem eiga ekki fjárhagslegra hagsmuna að gæta á efnahagssvæði landsins þar sem byggingarstaðurinn er, hlýtur vandinn með óráðstafaðan hagnað að takmarkast við val milli þess að skrá tiltekinn (hreinan) rekstrarafgang af byggingarstarfseminni erlendis fyrir árið t-1 eða árið t.

Að því er varðar afskriftir, en þær eru þáttur í vergum rekstrarafgangi, þá eru þær skráðar í landinu þar sem framleiðandinn telst hafa búsetu og teljast því hluti af VLF/VÞF þess lands. Í raun kann að virðast ólíklegt að reikna megi afskriftir af einstökum byggingarverkefnum, en sú staðreynd leiðir til þess að allar afskriftirnar eru skráðar í heimalandi eiganda véla og búnaðar.

Því er það álitamál hvort ekki er rétt að líta svo á að í raun skipti ekki máli að því er varðar VÞF hvort búin er til ímynduð innlend eining fyrir byggingarstarfsemi erlendis.

Í versta tilviki hefur það aðeins áhrif á skráningartímann, það er að segja dreifingu tiltekinna VÞF milli tveggja samliggjandi ára, vitaskuld að því tilskildu að öll viðskipti séu skráð rétt í reikningum.

Töhlulegt dæmi

Setjum sem svo að fyrirtæki frá landi A vinni byggingarverkefni í landi B sem stendur yfir skemur en eitt ár, er að verðmæti 1 000 og krefst aðfanga að verðmæti 200 og launa og launatengdra gjalda að verðmæti 400. Á byggingarstaðnum vinna eingöngu starfsmenn með búsetu í landi A og allt hráefni er keypt í landi B. Samkvæmt reglum EÞK 95 er farið með byggingarstaðinn sem ímyndaða innlenda einingu í landi B, en samkvæmt reglum EÞK 79 er ekki búin til slík ímynduð eining. Fyrirtækið yfirfærir allan rekstrarafgang til lands A á reikningstímabilinu.

Eftirfarandi töflur sýna áhrifin á reikninga lands A. Reikningar lands B eru samhverfir þessum. Athugið að hlutleysi þessara þátta gagnvart VÞF er undir því komið að rekstrarafgangurinn sé yfirfærður á reikningstímabilinu.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EÞK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng		Ráðstöfun	
P10	-1 000	P20	-200
P60	-200	P50	-1 000

Framleiðslureikningur

**Reikn. f. ráðstöfun
vinnsluvirðis**

Tekjuskiptingarreikningur

Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng	
P20	- 200	P10	-1 000	R10	- 400	N1	- 800			N2	- 400
										R10	
										(bús. innanl.)	- 400
										R10 (búseta	
										erl.)	+ 400
N1	- 800			N2	- 400			N3	+ 0	R40	+ 400

**Tekjuráðstöfunar-
reikningur**

Fjármagnsreikningur

Reikningur fyrir útlönd

Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng	
N4	+0	N3	+ 0	N5	+ 0	N4	+ 0			N5	+ 0

2. Óbeint mæld fjármálaþjónusta (ÓMF)

Lykilorð

EPK 79 EPK 95

ÓMF 325 (c) I. viðauki

Lýsing á breytingunni

Í EPK 95 er ekki tekin afstaða til þess hvort skipta skuli ÓMF á notendur. Ráðið ákveður það fyrir árslok 1997. Í EPK 79 er það föst regla að sérstök eining notar alla ÓMF. Reglur um ÓMF eru skýrar bæði í EPK 79 og EPK 95. Það hefur í för með sér skýra breytingu á reglum, og þar með áhrif á VÞF, að skipta ÓMF á notendur (ef ákvörðun um það verður staðfest).

Afleiðingar breytingarinnar

Ef ákveðið verður að skipta ÓMF ekki á notendur í EPK 95 verða engar breytingar sem hafa áhrif á VÞF-spurningalistann. Ef ákveðið verður á hinn bóginn að skipta ÓMF á notendur mun það hafa verulegar afleiðingar í öllu reikningakerfinu.

Í **framleiðsluuppgjörinu** minnka aðföng sem nemur þeirri ÓMF sem myndast innanlands og nú er færð sem neysla, og aukast sem nemur þeirri ÓMF sem notuð er sem aðföng. Þar eð áhrifin eru í báðar áttir er ekki unnt að segja fyrir um hvort áhrif á aðföng og vergan virðisauka verða til hækkunar eða lækkunar. Í jaðartilvikum kunna innflutningsáhrifin að verða ríkjandi. Í raun er þó líklegt að áhrif innflutnings verði hverfandi samanborið við áhrif innlendar framleiðslu, en það hefur í för með sér lækkun á aðföngum og hækkun á vergum virðisauka.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** verða áhrif til hækkunar á öll atriði sem tengjast neyslu. Að því er varðar samneyslu stafar hækkunin af auknum aðföngum framleiðenda utan markaðar á vegum hins opinbera og

einkarekinna sjálfseignarstofnana sem þjóna heimilum, en það hefur í för með sér aukna framleiðslu, þegar hún er metin sem heildarkostnaður, og þar af leiðandi aukna samneyslu. Á sama hátt verða áhrif á innflutning og útlutning á vörum og þjónustu og jöfnuð þar á milli, þar eð vaxtagreiðslur af erlendum lánum og innistæðum eru þáttur í óbeint mældri fjármálaþjónustu. Bæði útlutningur og innflutningur eykst, en áhrifin á jöfnuð milli þeirra eru ekki þekkt fyrirfram. Af þeim sökum er ekki unnt að segja fyrir um hver áhrifin á VLF verða, en í Evrópu er næsta víst að þau verða til hækkunar.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** er vergur rekstrarafgangur það eina sem verður fyrir áhrifum. Aftur er ógerlegt, vegna innflutnings á ÓMF, að segja fyrir um hvort heildaráhrif verða til hækkunar eða lækkunar, en þau verða til hækkunar nema við jafnaraðstæður sem ólíklegt er að upp komi í Evrópusambandinu.

Að því er varðar **breytinguna frá VLF til VÞF** lækka eignatekjur frá útlöndum um fjárhæð sem svarar til lána sem veitt eru mönnum með búsetu erlendis, en nú er farið með þá fjárhæð sem útlutning þjónustu (ÓMF). Á svipaðan hátt hækka eignatekjur, sem greiddar eru til útlanda, um fjárhæð sem svarar til innistæðna manna með búsetu erlendis, en nú er farið með hana sem útlutning þjónustu. Sambærileg rök eiga við um innflutning á ÓMF. Að sjálfsögðu er grundvallarforsendan sú að streymi greiðslna til útlanda og frá útlöndum verði óbreytt. Þar eð áhrif tengd lánum og innistæðum eru í gagnstæðar áttir er ekki unnt að segja fyrir um hvort heildaráhrif á eignatekjur til útlanda og frá útlöndum verða til hækkunar eða lækkunar. Þó er mikilvægt að átta sig á því að áhrif þess að færa ÓMF á jöfnuð milli eignatekna sem koma frá útlöndum og eignatekna sem greiddar eru til útlanda vega nákvæmlega upp áhrifin á jöfnuð innflutnings og útlutnings.

Þegar á allt er litið er ekki unnt að segja fyrir um áhrifin á VLF þótt þau verði nær alltaf til hækkunar í raun. Áhrifin á VÞF eru hins vegar ótvírætt til hækkunar þar sem áhrif á jöfnuð eignatekna, sem koma inn í landið, og eignatekna, sem greiddar eru til útlanda, vega upp áhrif jafnaðar útlutnings og innflutnings ÓMF á VLF.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að myndun ÓMF nemi 1 000, þar sem 500 renna til aðfanga framleiðenda á markaði, 50 til aðfanga framleiðenda utan markaðar og 550 er neysla heimila. Útlutningur er 400 og innflutningur 500. Ef til vill er ekki raunhæft að gera ráð fyrir samræmi milli vergs streymis útlutnings og innflutnings ÓMF og eignatekna, eins og hér er gert, en að minnsta kosti ætti að vera samræmi þegar um hreint streymi er að ræða.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EPK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng		Ráðstöfun	
P10	+1 050	P20	+ 550
P60	+ 500	P3B	+ 600
		P50	+ 400

Framleiðslureikningur

Ráðstöfun		Aðföng	
P20	+ 550	P10	+1 050
N1	+ 500		

Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis

Ráðstöfun		Aðföng	
N2	+500	N1	+500

Tekjuskiptingarreikningur

Ráðstöfun		Aðföng	
R40	- 500	N2	+ 500
N3	+ 600	R40	- 400

Tekjuráðstöfunar-reikningur

Ráðstöfun		Aðföng	
P3A	+ 600	N3	+ 600
N4	+ 0		

Fjármagnsreikningur

Ráðstöfun		Aðföng	
N5	+ 0	N4	+ 0

Reikningur fyrir útlönd

Ráðstöfun		Aðföng	
		N5	+ 0

3. Tryggingar

Lykilorð

	EÞK 79	EÞK 95
Tryggingar	315 (k) 3.63,	III. viðauki

Lýsing á breytingunni

Í EÞK 95 er framleiðsla tryggingaþjónustu skilgreind á eftirfarandi hátt:

raunverulegar iðgjaldatekjur að viðbættum aukaiðgjöldum, að frádregnum gjaldföllnum kröfum, að frádreginni aukningu (að viðbættri minnkun) í váttryggingasjóðum vegna útistandandi áhættu og vegna váttrygginga með ágóðahlutdeild.

Í EÞK 95 er ekki minnst á liðinn „viðbótargreiðslur til tryggingataka í mynd arðgreiðslna“. Rétt er að líta á þessar greiðslur sem kröfur ef þær eru ekki greiddar tryggingafélaginu aftur í mynd aukaiðgjalda og -framlaga sem bætast við raunveruleg gjaldfallin iðgjöld og framlög.

Nafnvirði geymsluhagnaðar eða -taps er undanskilið í heild þegar gerðar eru upp breytingar á váttryggingasjóðum. „...ekki ber að líta á slíkt sem tekjur af fjárfestingu váttryggingasjóða né heldur sem breytingu á váttryggingasjóðum vegna útistandandi áhættu og vegna váttrygginga með ágóðahlutdeild“. Hið sama gildir um geymsluhagnað sem er ekki greiddur út.

Í lið 4.68 er að finna reglu um hvernig skipta skuli eignatekjum sem heild í tekjur af fjárfestingu váttryggingasjóða og tekjur af fjárfestingu eigin fjár, ef nákvæmar upplýsingar vantar um það hvaða fé hefur gefið af sér eignatekjur. Þegar slíkar upplýsingar liggja fyrir er ekki þörf á að meta eignatekjur af fjárfestingu eigin fjár. Þá á þessi regla ekki lengur við.

Í EÞK 79 er framleiðsla tryggingaþjónustu skilgreind með talsvert öðru orðalagi á eftirfarandi hátt:

vergar iðgjaldatekjur að eftirtöldum þáttum frádregnum samtals: gjaldföllnum kröfum, að viðbættum viðbótargreiðslum til tryggingataka í mynd arðgreiðslna, að viðbættum breytingum á váttryggingasjóðum vegna útistandandi áhættu og vegna váttrygginga með ágóðahlutdeild, að frádregnum reiknuðum vöxtum sem renna til tryggingataka, að frádregnum innleystum fjármagnstekjum sem eru greiddar út í raun.

— Reiknaðir vextir svara til reiknaðra tekna sem renna til tryggingataka eins og þær eru skráðar í reikningum tryggingafélaganna.

Til að ná fram samkvæmni í skráningu ber eingöngu að telja með reiknaða vexti og innleystar fjármagnstekjur (eða geymsluhagnað) ef þær valda breytingum á váttryggingasjóðum vegna útistandandi áhættu og vegna váttrygginga með ágóðahlutdeild. Ekki ber að reikna óinnleystan geymsluhagnað inn í mat á framleiðslu.

Í EÞK 79 er kveðið á um að taldir skuli með reiknaðir vextir sem renna til tryggingataka (þ.e. sá hluti heildarvaxtanna sem kemur í hlut tryggingataka), en í EÞK 95 er kveðið á um að talin skuli með heildarfjárhæð viðbótariðgjalda (þ.e. heildarfjárhæð eignatekna). Þannig eykst framleiðsla tryggingaþjónustu um fjárhæð sem svarar til mismunarins á viðbótariðgjöldum og reiknuðum vöxtum sem renna til tryggingataka.

Afleiðingar breytingarinnar

Við þessa útvíkkun á umfangi tekna vegna fjárfestingar váttryggingasjóða, sem taldar skulu með þegar reiknað er virði þjónustunnar sem er veitt bæði líftryggingatökum og skaðtryggingatökum, hækkar framleiðsla tryggingafyrirtækja og virði þjónustunnar sem tryggingatakar neyta.

Eftirfarandi greining byggist á þeirri forsendu að við skaðatryggingar séu hvorki notaðir váttryggingasjóðir vegna útistandandi áhættu né vegna váttrygginga með ágóðahlutdeild. Á þessari forsendu er virði skaðatryggingaþjónustu jafnt vergum iðgjöldum að fráðregnum kröfum. Ef við skaðatryggingar eru í undantekningartilvikum stofnaðir váttryggingasjóðir o.s.frv. verður breytingin flóknari.

Í **framleiðsluuppgjörinu** aukast framleiðsla og aðföng við breytinguna yfir í skilgreiningar EPK 95. Í lokuðu hagkerfi hljóta áhrifin á virðisauka að verða til hækkunar, en í opnu hagkerfi getur það gerst að innflutningur tryggingaþjónustu snúi við áhrifunum á heildarvirðisauka í hagkerfinu. Því verður ekki sagt fyrir um hvort áhrifin verða til hækkunar eða lækkunar, en í raun er næsta víst að þau verða til hækkunar í ljósi ríkjandi áhrifa innlendra trygginga.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** verða áhrif til hækkunar á alla liði sem fela í sér neyslu, þar eð neysla heimila og aðföng við framleiðslu þjónustugreina utan markaðar aukast sem nemur viðbótariðgjöldunum. Bæði útflutningur og innflutningur á tryggingaþjónustu hækkar sem nemur viðbótariðgjöldunum og því er ekki hægt að segja fyrir um hvort heildaráhrif á jöfnuð útflutnings og innflutnings verða til hækkunar eða lækkunar.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** verður vergur rekstrarafgangur fyrir áhrifum. Ef horft er fram hjá tryggingaviðskiptum við útlönd eru áhrifin ótvírætt til hækkunar. Eins og þegar hefur verið tekið fram er ekki hægt að segja fyrir um það hvort áhrifin verða til hækkunar eða lækkunar ef viðskipti við útlönd eru tekin með í reikninginn.

Að því er varðar **breytinguna frá VLF til VPB** er í grundvallaratriðum litið á viðbótariðgjöld, sem tengjast útflutningi og innflutningi trygginga, sem eignatekjur greiddar til útlanda og eignatekjur frá útlöndum. Þetta stafar einfaldlega af því að samkvæmt EPK 95 fá tryggingatakar fyrst greiddan arð af eignum sínum í mynd viðbótariðgjalda og endurgreiða svo váttryggjendum þessi viðbótariðgjöld sem greiðslu fyrir tryggingaþjónustu. Öll áhrif á VLF, sem stafa af áhrifum viðbótariðgjalda á jöfnuð útflutnings og innflutnings, jafnast þannig út vegna áhrifa á eignatekjur við breytinguna frá VLF til VPB, en það leiðir til þess að áhrifin á VPB verða ótvírætt til hækkunar.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að viðbótariðgjöld á skaðatryggingu séu að verðmæti 1 000, þar af varði 550 framleiðendur á markaði, 50 framleiðendur utan markaðar og 400 neytendur. Engin viðbótariðgjöld tengjast útflutningi og innflutningi á tryggingaþjónustu.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EPK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng		Ráðstöfun	
P10	+1 050	P20	+ 600
		P3B	+ 450

Framleiðslureikningur		Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis				Tekjuskiptingarreikningur	
Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng	
P20	+ 600	P10	+1 050	N2	+ 450	N1	+ 450
N1	+ 450					N3	+ 450

Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur				Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng	
P3A	+ 450	N3	+ 450				
N4	+ 0			N5	+ 0	N4	+ 0
						N5	+ 0

4. Endurfjárfestur hagnaður af beinum fjárfestingum erlendis

Lykilorð

	EPK 79	EPK 95
Endurfjárfestur hagnaður	427.2	4.64

Lýsing á breytingunni

Í EPK 95 segir að skrá skuli endurfjárfestan hagnað af beinum fjárfestingum sem eignatekjur. Í EPK 79 er endurfjárfestur hagnaður af beinum fjárfestingum hins vegar ekki teknar með þegar lýst er umfangi tekna af eignum og atvinnurekstri. Þannig er greinilegur munur á leiðbeiningunum í útgáfunum tveimur.

Afleiðingar breytingarinnar

Þessi breyting á hugtaki hefur ekki áhrif á VLF en hefur hins vegar áhrif á VÞF með streymi tekna af eignum og atvinnurekstri til útlanda og frá útlöndum.

Við breytinguna frá VLF til VÞF verða áhrif til hækkunar á tekjur af bæði eignum og atvinnurekstri sem greiddar eru til útlanda og frá útlöndum. Ekki er unnt að segja fyrir um hvort áhrifin á jöfnuðinn, og þar af leiðandi heildaráhrif á VÞF, verða til hækkunar eða lækkunar.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að í hagkerfi landsins nemi hagnaður af beinum fjárfestingum erlendis, sem hefur verið endurfjárfestur á reikningstímabilinu, 1 000 en hagnaður, sem önnur lönd hafa endurfjárfest í hagkerfi landsins, nemi samtals 800.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EPK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng		Ráðstöfun			
Framleiðslureikningur		Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis		Tekjuskiptingarreikningur	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
				R40 + 800	R40 +1 000
				N3 + 200	
Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur		Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
N4 + 200	N3 + 200	N5 + 200	N4 + 200		N5 + 200

5. Vextir

Lykilorð

	EPK 79	EPK 95
Skráningartími	708	4.50

Lýsing á breytingunni

Í EÞK 79 segir að vextir skuli skráðir þegar þeir gjaldfalla. Í EÞK 95 segir hins vegar að skrá skuli vexti jafnóðum og þeir myndast. Munurinn felst því í vöxtum sem hafa myndast en eru ekki gjaldfallnir. Því er skýr munur á kröfum í þessum tveimur útgáfum leiðbeininganna.

Afleiðingar breytingarinnar

Þessi breyting á hugtaki hefur ekki áhrif á VLF nema vegna áhrifanna sem hún hefur á ÓMF ef ákveðið verður að skipta ÓMF á notendur. Hins vegar breytir hún VÞF beint vegna áhrifa á tekjur af eignum og atvinnurekstri sem greiddar eru til útlanda og frá útlöndum.

Við **breytinguna frá VLF til VÞF** verða áhrif bæði á eignatekjur sem eru greiddar til útlanda og þær sem eru greiddar frá útlöndum, til hækkunar eða lækkunar eftir aðstæðum í landinu. Ekki er unnt að segja fyrir um hvort heildaráhrifin á VÞF verða til hækkunar eða lækkunar.

6. Náttúrulegur vöxtur ræktarjurta*Lykilorð*

	EÞK 79	EÞK 95
Skráningartími	349, 352	3.58

Lýsing á breytingunni

Í EÞK 79 segir beinlínis að skrá skuli framleiðslu ræktarjurta við uppskeru (uppskera eða viðarhögg). Í EÞK 95 segir hins vegar beinlínis að skrá skuli framleiðsluna jafnóðum og jurtirnar vaxa. Þær eru fyrst skráðar sem breytingar á birgðum af vörum í vinnslu og síðar, þ.e. við uppskeru, sem birgðir af fullunninni vöru.

Afleiðingar breytingarinnar

Í ársfjórðungsreikningum þjóðhagsreikninga mun nýja skráningarreglan hafa viðtæk áhrif á skráningu landbúnaðarframleiðslu í reikningum sem fylgja ekki árstíðum. Áhrifin á ársreikninga verða mun minni og varða aðallega tilvik þar sem fjöldi jurta eða dýra er ekki stöðugur, heldur breytist frá einu ári til hins næsta.

Í **framleiðsluuppgjörinu** hefur nýja skráningarreglan í för með sér breytingu á framleiðslu og virðisauka sem ekki er hægt að segja fyrir um hvort verður til hækkunar eða lækkunar.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** varða áhrifin aðeins birgðabreytingar, en þar er ekki heldur unnt að segja fyrir um hvort breytingin verður til hækkunar eða lækkunar.

Í **tekjuskýpingsuppgjörinu** kemur mótsvörun við breytinguna á virðisauka fram sem breyting á vergum rekstrarafgangi sem ekki er hægt að segja fyrir um hvort verður til hækkunar eða lækkunar.

Víst er að VLF verður fyrir áhrifum sem ekki er hægt að segja fyrir um hvort verða til hækkunar eða lækkunar. Nýjar reglur um framleiðsluskráningu hafa ekki áhrif á breytinguna frá VLF til VÞF, þannig að áhrifin á VÞF verða hin sömu og á VLF.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að náttúrulegur vöxtur nytjaskóga sé 1 000 á reikningstímabilinu en verðmæti felldra og seldra trjáa 700.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EÞK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng	Ráðstöfun
P10 + 300	P42 + 300

Framleiðslureikningur		Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis		Tekjuskiptingarreikningur	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
N1 + 300	P 10 + 300	N2 + 300	N1 + 300	N3 + 300	N2 + 300
Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur		Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
N4 + 300	N3 + 300	P42 + 300 N5 + 0	N4 + 300		N5 + 0

7. Hugbúnaður og stórir gagnagrunnar

Lykilorð

	EÞK 79	EÞK 95
Hugbúnaður	322 (b), 337	3.105 (b), 3.110 (b), 3.114 (b)

Lýsing á breytingunni

Í EÞK 95 segir að skrá skuli kaup á hugbúnaði og stórum gagnagrunnum, sem nota á við framleiðslu, sem óáþreifanlega fastafjármuni innan fjármunamyndunar og þetta á einnig við um framleiðslu þessara hluta á eigin reikning.

Í EÞK 79 eru ekki gefnar skýrar leiðbeiningar um hvernig skrá skuli útgjöld til kaupa á hugbúnaði og stórum gagnagrunnum. Notast þarf við almennar leiðbeiningar um umfang fjármunamyndunar og aðfanga. Í liðunum, sem vísað er til hér á undan, segir m.a.:

aðföng ná yfir eftirtalda þætti: þjónustu sem keypt er á viðkomandi tímabili, nema ... (undantekningarnar varða yfirfærslu eignarréttar á fjárfestingarvörum o.s.frv. og flutnings- og dreifingarþjónustu).

til fjármunamyndunar telst verðmæti þjónustu sem felst í fastafjármunum.

Kröfur EÞK 79 með tilliti til hugbúnaðar eru því túlkunaratriði. Venjulega eru þær túlkaðar svo að í EÞK 79 sé farið með útgjöld til hugbúnaðar kaupa sem fjármunamyndun ef kaupin eru óaðskiljanlegur hluti af stórum vélbúnaðarkaupum, en sem aðföng ef hugbúnaðurinn er keyptur eða þróaður sérstaklega. Þetta er sama túlkun og fram kemur í ÞRK 93 (þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna) með tilliti til túlkunar á breytingunni úr ÞRK 68 í ÞRK 93 (sjá 67. lið I. viðauka við ÞRK 93).

Afleiðingar breytingarinnar

Í **framleiðsluuppjöörinu** eykst framleiðsla framleiðenda á markaði sem nemur framleiðslu hugbúnaðar og stórra gagnagrunna á eigin reikning. Aðföng minnka sem nemur aðkeyptri þjónustu sem er endurflokkuð sem fjármunamyndun. Við þetta eykst virðisauki framleiðenda á markaði.

Framleiðsla framleiðenda utan markaðar verður fyrir tvenns konar áhrifum sem verka í gagnstæðar áttir: lækkun sem leiðir af því að aðkeypt þjónusta er endurflokkuð og færð frá aðföngum til fjármunamyndunar og hækkun vegna aukinna afskrifta (af aðkeyptum eignum og eignum framleiddum á eigin reikning). Ekki er unnt að segja fyrir um hvort heildaráhrif á framleiðslu verða til hækkunar eða lækkunar. Virðisauki eykst vegna aukinna afskrifta.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** verða tvenns konar áhrif á samneyslu hins opinbera og einkarekinna sjálfseignarstofnana sem þjóna heimilum. Annars vegar breytist neysla vegna breytinga á framleiðslu utan markaðar. Hins vegar minnkar hún vegna aukinna fjárfestinga á eigin reikning. Fjármunamyndun eykst sem nemur þeim hugbúnaðarkaupum sem eru endurflokkuð auk hugbúnaðar sem er framleiddur í fyrirtækinu.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** breytist vergur rekstrarafgangur jafnmikið og virðisauki.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að hugbúnaðarkaup framleiðenda á markaði að verðmæti 1 000 séu endurflokkuð og færð frá aðföngum til fjármunamyndunar. Gerum enn fremur ráð fyrir að framleiðsla hugbúnaðar og stórra gagnagrunna á eigin reikning á vegum framleiðenda á markaði sé metin á 150. Hugbúnaðarkaup framleiðenda utan markaðar að verðmæti 100 eru endurflokkuð og færð frá aðföngum til fjármunamyndunar. Að auki er framleiðsla framleiðenda utan markaðar á hugbúnaði og stórum gagnagrunnum á eigin reikning metin á 10. Loks eru afskriftir, sem tengjast hugbúnaði og stórum gagnagrunnum sem framleiðendur utan markaðar nota, metnar á 50.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EPK 79. Breytingar á neyslu tengjast samneyslu hins opinbera og einkarekinna sjálfseignarstofnana ($-60 = -100 - 10 + 50$).

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng		Ráðstöfun	
P10	+ 100	P20	-1 100
		P3B	- 60
		P41	+1 260

Framleiðslureikningur

Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis

Tekjuskiptingarreikningur

Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng	
P20	-1 100	P 10	+ 100			N2	+ 1 200			N2	+1 200
N1	+ 1 200			N1	+ 1 200			N3	+ 1 200		

Tekjuráðstöfunarreikningur

Fjármagnsreikningur

Reikningur fyrir útlönd

Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng	
P3A	-60	N3	+ 1 200	P41	+1 260	N4	+1 260			N5	+ 0
N4	+1 260			N5	+ 0						

8. Búnaður og ökutæki til hernaðarnota, að vopnum undanskildum*Lykilorð*

	EBK 79	EBK 95
Aðföng	323 (f)	3.70 (e)
Fjármunamyndun	340 (c)	3.107

Lýsing á breytingunni

Í EBK 79 segir að eftirfarandi skuli teljast til aðfanga en ekki fjármunamyndunar: kaup hermálafyrvalda á varanlegum neysluvörum; byggingar til hernaðarnota (aðrar en hífýli hermanna), hernaðarmannvirki og annar herbúnaður.

Í EBK 95 segir á hinn bóginn að mannvirki og búnaður til hernaðarnota teljist til fjármunamyndunar ef sams konar eru og þau sem notuð eru í borgaralegum tilgangi, svo sem flugvellar, hafnir, vegir og sjúkrahús. Til fjármunamyndunar teljast ekki hervopn og stuðningskerfi þeirra. Síðastnefndi búnaðurinn telst áfram til aðfanga.

Þannig eykst umfang fjármunamyndunar í EBK 95 sem nemur útgjöldum til hergagna, annarra en vopna og stuðningskerfa þeirra. Með auknu umfangi fjármunamyndunar eykst umfang afskrifta að sama skapi.

Afleiðingar breytingarinnar

Við það að önnur hergögn en vopnakerfi eru endurflokkuð og færð frá aðföngum við framleiðslu hins opinbera á þjónustu utan markaðar til fjármunamyndunar aukast einnig afskriftir, en þær koma inn í mat á framleiðslu þjónustugreina utan markaðar þegar hún er reiknuð sem heildarkostnaður.

Í **framleiðsluuppgjörinu** minnkar framleiðsla vegna minni aðfanga en eykst vegna meiri afskrifta. Því er ekki unnt að segja fyrir um hvort áhrifin verða til hækkunar eða lækkunar. Aðföng minnka greinilega við það að tiltekin kaup á varanlegum neysluvörum eru endurflokkuð sem fjármunamyndun. Virðisauki eykst vegna aukinna afskrifta.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** verða áhrif á samneyslu hins opinbera, en ekki er unnt að segja fyrir um hvort það verður til hækkunar eða lækkunar þar eð áhrifin eru tvenns konar og verka í gagnstæðar áttir. Fjármunamyndun eykst ótvírætt vegna nýrra reglna um hergögn.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** hafa auknar afskriftir í för með sér aukinn vergan rekstrarafgang.

Eins og ljóst er af framleiðsluuppgjörinu og tekjuskiptingaruppgjörinu eru heildaráhrifin á VLF ótvírætt til hækkunar. Þar eð ekki er um nein áhrif að ræða á breytinguna frá VLF til VÞF eru áhrifin á VÞF hin sömu og á VLF.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að á reikningstímabilinu séu kaup á hergögnum að verðmæti 1 000 endurflokkuð og færð frá aðföngum til fjármunamyndunar. Enn fremur aukast afskriftir um 100 vegna endurflokkunar hergagna bæði á sama tímabili og fyrri tímabilum.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EBK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng	Ráðstöfun
P 20 + 100	P20 -1 000
	P3B + 100
	P41 +1 000

Framleiðslureikningur		Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis		Tekjuskiptingarreikningur	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P20 - 1 000	P 10 + 100		N1 + 1 100		N2 +1 100
N1 + 1 100		N2 + 1 100		N3 +1 100	
Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur		Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P3B + 100	N3 +1 100	P41 +1 000	N4 +1 000		N5 + 0
N4 + 1 000		N5 + 0			

9. Yfirstandandi vinna við þjónustu („þjónustubirgðir“)*Lykilorð*

	EPK 79	EPK 95
Skráningartími	707	3.120
Birgðabreytingar	350	3.119 (b)

Lýsing á breytingunni

Í EPK 95 er kveðið á um að framleiðsla þjónustugreina skuli skráð jafnóðum og hún á sér stað. Því mun framleiðsla þjónustugreina valda breytingum í EPK 95 á birgðum af vörum í vinnslu. Notkun þjónustu verður áfram skráð um leið og „fullunnin“ þjónusta er afhent notanda.

Í EPK 79 er framleiðsla þjónustugreina hins vegar skráð um leið og fullunnin framleiðsluvara er afhent notendum og eru þjónustubirgðir beinlínis frátaldar. Breytingin á skráningartíma milli kerfanna tveggja hefur einungis áhrif á reikninga þeirra stofnanaeininga sem framleiða þjónustuna. Hún hefur engin áhrif á reikninga stofnanaeininga sem nota þjónustu.

Afleiðingar breytingarinnar

Í **framleiðsluuppgjörinu** hefur breytingin áhrif á framleiðslu og virðisauka en ekki er unnt að segja fyrir um hvort sú breyting verður til hækkunar eða lækkunar. Aðföng verða ekki fyrir áhrifum.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** eru birgðabreytingar eini liðurinn sem verður fyrir áhrifum, en þar ræðst af aðstæðum hvort þau verða til hækkunar eða lækkunar.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** endurspeglast breytingin á virðisauka í breytingu á vergum rekstrarafgangi sem ekki er unnt að segja fyrir um hvort verður til hækkunar eða lækkunar.

Af þessum sökum er ekki unnt að segja fyrir um hvort áhrifin á VLF verða til hækkunar eða lækkunar. Þar eð ekki verður um að ræða bein áhrif á **breytinguna frá VLF til VPB** verða áhrifin á VPB hin sömu og á VLF.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að það taki sex mánuði að ljúka hönnun (þjónustu ráðgjafarverkfræðinga) að verðmæti 1 000, þar af þrjá mánuði á árinu t-1 og aðra þrjá á árinu t. Hönnunin er afhent verktaka (fyrirtæki sem notar þjónustuna) í lok marsmánaðar árið t.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EPK 79. Árið t-1.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng	Ráðstöfun
P10 + 500	P42 + 500

Framleiðslureikningur		Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis		Tekjuskiptingarreikningur	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
N1 + 500	P 10 + 500	N2 + 500	N1 + 500	N3 + 500	N2 + 500
Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur		Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
N4 + 500	N3 + 500	P42 + 500 N5 + 0	N4 + 500		N5 + 0

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EPK 79. Árið t.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng	Ráðstöfun
P10 - 500	P42 - 500

Framleiðslureikningur		Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis		Tekjuskiptingarreikningur	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
N1 - 500	P 10 - 500	N2 - 500	N1 - 500	N3 - 500	N2 - 500
Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur		Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
N4 - 500	N3 - 500	P42 - 500 N5 + 0	N4 - 500		N5 + 0

10. Útgjöld vegna námurannsókna

Lykilorð

	EÞK 79	EÞK 95
Aðföng	323 (i), 324 (i)	3.71 (a)
Fjármunamyndun	343 (a)	3.105 (b)

Lýsing á breytingunni

Í EÞK 79 segir að litið sé á öll útgjöld til borana í leit að olíu, gasi o.s.frv., sem stofnað er til áður en ákveðið er að nýta tiltekið jarðefnalag, sem aðföng. Útgjöld, sem koma til eftir að ákveðið er að nýta jarðefnalagið, eru skráð sem fjármunamyndun.

Í EÞK 95 segir að til fjármunamyndunar teljist útgjöld vegna námurannsókna sem fela í sér kostnað við reynsluboránirnar sjálfar, könnun úr lofti eða með öðru móti, flutningskostnað o.s.frv.

Þannig eykur EÞK 95 umfang fjármunamyndunar sem nemur útgjöldum vegna leitar áður en ákvörðun er tekin um nýtingu jarðefnalsins.

Afleiðingar breytingarinnar

Í **framleiðsluuppgjörinu** minnka aðföng og virðisauki eykst sem nemur þeim útgjöldum við leit sem hafa verið endurflokkuð. Enn fremur aukast verg framleiðsla og virðisauki sem nemur framleiðslu námurannsókna á eigin reikning.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** eru einu áhrifin aukin fjármunamyndun sem jafngildir þeim útgjöldum sem hafa verið endurflokkuð að viðbætti framleiðslu á eigin reikning.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** endurspeglast aukning á virðisauka í jafnmikilli aukningu á vergum rekstrarafgangi.

Eins og augljóst má vera af hverju uppgjöri um sig eru áhrifin á VLF ótvírætt til hækkunar. Þar eð ekki verður um að ræða bein áhrif á **breytinguna frá VLF til VÞF** verða áhrifin á VÞF hin sömu og á VLF.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að aðkeyptar námurannsóknir að verðmæti 1 000 séu endurflokkaðar og færðar frá aðföngum til fjármunamyndunar. Gerum enn fremur ráð fyrir framleiðslu námurannsókna á eigin reikning að verðmæti 500.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EÞK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng		Ráðstöfun	
P10	+ 500	P20	- 1 000
		P41	+ 1 500

Framleiðslureikningur

**Reikn. f. ráðstöfun
vinnsluvirðis**

Tekjuskiptingarreikningur

Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng	
P20	+ 1 000	P 10	+ 500	N2	+ 1 500	N1	+ 1 500	N3	+ 1 500	N2	+ 1 500
N1	+ 1 500										

Tekjuráðstöfunarreikningur

Fjármagnsreikningur

Reikningur fyrir útlönd

Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng	
N4	+ 1 500	N3	+ 1 500	P41	+1 500	N4	+ 1 50			N5	+ 0
				N5	+ 0						

11. Afskriftir af vegum, brúm, stíflum o.s.frv.

Lykilorð

	EPK 79	EPK 95
Afskriftir	403	6.03

Lýsing á breytingunni

Samkvæmt EPK 79 ber að reikna afskriftir fyrir alla fastafjármuni, sem unnt er að endurnýja, nema fastafjármuni til almenningsnota með ótilgreindan líftíma (vegi, brýr o.s.frv.).

Í EPK 95 segir að reikna beri afskriftir af öllum fastafjármunum (nema dýrum).

Þannig er ljóst að umfang breytilegra afskrifta hefur aukist í EPK 95 og nær nú til vega, brúa o.s.frv.

Afleiðingar breytingarinnar

Í **framleiðsluuppgjörinu** aukast framleiðsla og vergur virðisauki þar eð kostnaðarliðurinn „afskriftir“ hækkar við mat á framleiðslu þjónustugreina utan markaðar.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** eykst samneysla hins opinbera sem nemur auknum afskriftum.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** eykst vergur rekstrarafgangur sem nemur auknum afskriftum.

Þar eð ekki verða nein áhrif á **breytinguna frá VLF til VÞF** eru áhrifin á VÞF hin sömu og á VLF, en þau eru aftur jafnmikil aukningunni á afskriftum og eru því ótvírætt til hækkunar. Í því sem á undan fer er gert ráð fyrir að vegir, brýr o.s.frv. séu í eigu framleiðenda utan markaðar á vegum hins opinbera. Að svo miklu leyti sem eigendur slíkra eigna, sem ætlaðar eru til almenningsnota, kunna að vera framleiðendur á markaði, verður ekki um að ræða áhrif á VLF/VÞF.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að reiknaðar séu afskriftir að verðmæti 1 000 af vegum, brúm, stíflum o.s.frv. sem mynda hluta af fjármunaæign þeirra stofnana á vegum hins opinbera sem eru utan markaðar.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EÞK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng		Ráðstöfun	
P10	+1 000	P3B	+1 000

Framleiðslureikningur		Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis		Tekjuskiptingarreikningur	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
N1 + 1 000	P10 + 1 000	N2 + 1 000	N1 + 1 000	N3 + 1 000	N2 + 1 000
Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur		Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P3A + 1 000	N3 + 1 000	N5 + 0	N4 + 0		N5 + 0
N4 + 0					

12. Opinber leyfi og gjöld*Lykilorð*

	EÞK 79	EÞK 95
Skattar og gjöld	417.3, 496	4.23 (e), 4.80 (d)
Þjónusta		3.71 (e), 3.76 (h), 4.79 (d)

Lýsing á breytingunni

Gera þarf greinarmun annars vegar á rekstrarleyfum sem framleiðendur á markaði, og hugsanlega einnig framleiðendur utan markaðar, nota sem aðföng og hins vegar leyfum sem heimili eignast sem neytendur, til dæmis gjöldum fyrir vegabréf og fyrir ökuþróf og ökuskirteini.

Þegar um ræðir framleiðslueiningar er skráning opinberra leyfa og gjalda, sem skrá skal með öðrum sköttum á framleiðslu, takmörkuð við færri tegundir greiðslna í EÞK 95 en í EÞK 79. Ef hið opinbera gerir athuganir á áreiðanleika eða öryggi búnaðar, á starfshæfni starfsfólks eða á gæðum eða staðli vöru og þjónustu, og gerir það að skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis, er litið á greiðsluna sem kaup á þjónustu (nema fjárhæðin sem innheimt er sé ekki í nokkru samræmi við kostnaðinn við slíkar athuganir).

Þegar um ræðir heimili er staðan svipuð því að samkvæmt EÞK 95 teljast greiðslur fyrir ýmis leyfi ekki til tekju- og eignatekjuskatta. Þess í stað er litið á þær sem greiðslur fyrir opinbera þjónustu.

Afleiðingar breytingarinnar

Líklegt er að breytingin á flokkun tiltekinna opinberra leyfisgjalda hafi í för með sér endurflokkun ýmissa framleiðslueininga í eigu hins opinbera frá því að vera framleiðendur utan markaðar í það að vera framleiðendur á markaði. Hér á eftir er lýst afleiðingum þess að endurflokka tekjur einingar, sem er áfram framleiðandi utan markaðar, frá því að vera skattar o.s.frv. í það að vera greiðslur fyrir þjónustu. Í lið 2.19 er fjallað um endurflokkun framleiðenda frá því að vera á markaði í það að vera utan markaðar og öfugt.

Í **framleiðsluuppgjörinu** er framleiðsla óbreytt þar eð framleiðsla framleiðanda utan markaðar er metin sem heildarkostnaður. Aðföng aukast sem nemur þeim gjöldum o.s.frv. sem eru endurflokkuð og færð frá liðnum „aðrir skattar sem tengjast framleiðslu (R222)“ til aðfanga, þ.e. þeim hluta opinberra leyfisgjalda sem framleiðendur greiða. Virðisauki lækkar að sama skapi.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** eykst neysla heimila sem nemur þeim leyfisgjöldum sem heimili greiða sem neytendur og eru endurflokkuð og færð frá liðnum „tekju- og eignatekjuskattar“ til kaupa á þjónustu. Samneysla hins opinbera minnkar sem nemur aukinni sölu. Á hinn bóginn eykst samneysla einkarekinnna sjálfseignarstofnana sem þjóna heimilum vegna þess að framleiðendur utan markaðar geta þurft að greiða sum þessara gjalda, en við það aukast aðföng, þótt á móti því vegi lækkun skatta á framleiðslu. Útflutningur og innflutningur eykst að því marki sem þeir sem hafa búsetu í landinu greiða erlendum ríkisstofnunum gjöld eða þeir sem ekki hafa þar búsetu greiða innlendum ríkisstofnunum gjöld.

Í **tekjuskiftingaruppgjörinu** lækka skattar á framleiðslu (R222) um sömu fjárhæð og virðisaukinn.

Þegar á heildina er litið eru áhrifin á VLF ótvírætt til lækkunar í ljósi þess að hluti leyfisgjaldanna telst til aðfanga. Þar eð ekki verður um að ræða bein áhrif á **breytinguna frá VLF til VÞF** verða áhrifin á VÞF hin sömu og á VLF.

Töhlulegt dæmi

Setjum sem svo að leyfisgjöld að verðmæti 1 000 samtals séu endurflokkuð og færð frá sköttum o.s.frv. til sölu framleiðenda utan markaðar á vegum hins opinbera. Af þeirri fjárhæð eru 500 gjöld sem heimili greiða sem neytendur og eru endurflokkuð og færð frá R69, en hin 500 leyfisgjöld sem framleiðendur greiða og eru endurflokkuð og færð frá R222. Framleiðendur utan markaðar á vegum hins opinbera og sjálfseignarstofnanir greiða ekki slík gjöld.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EPK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng	Ráðstöfun
	P20 + 500
	P3B - 500

Framleiðslureikningur		Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis		Tekjuskiptingarreikningur	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P20 + 500		R20 - 500	N1 - 500		N2 + 0
N1 - 500		N2 + 0		N3 - 500	R20 - 500
Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur		Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P3A - 500	N3 - 500	N5 + 0	N4 + 0		N5 + 0
N4 + 0					

13. Mat á framleiðslu til eigin nota og framleiðslu sem er afrakstur sjálfboðavinnu*Lykilorð*

	EÞK 79	EÞK 95
Framleiðslumörk	306	3.08
Mat á framleiðslu	315, 628	3.49, 3.52

Lýsing á breytingunni

Í þessum lið verður fjallað um tvær breytingar.

Önnur breytingin á hugtaki felst í því að taka þátt hreins rekstrarafgangs inn í mat á framleiðslu á eigin reikning hvar sem því verður við komið. Í EÞK 79 segir að ekki skuli skrá slíkan rekstrarafgang.

Hin breytingin varðar uppbyggingu fastafjármuna í sjálfboðavinnu. Í EÞK 95 er tilgreint að þegar virði framleiðslunnar er metið beri að telja með mat á virði vinnuafslsins sem notað er (á grundvelli mats á kostnaði við að ráða samsvarandi launað starfslið). Í EÞK 79 var ekki gerð krafa um þetta.

Afleiðingar breytingarinnar

Í **framleiðsluuppgjörinu** aukast framleiðsla og virðisauki framleiðenda á markaði sem nemur auknu virði framleiðslu á eigin reikning, en það er afleiðing af því að meta framleiðslu á eigin reikning á grunnverði frekar en sem heildarkostnað. Framleiðsla og virðisauki aukast einnig sem nemur virði ólaunaðs vinnuafsls sem notað er við sameiginlega byggingarstarfsemi, en það var ekki talið með í EÞK 79.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** aukast bæði neysla heimila og fjármunamyndun (sú síðari vegna beggja breytinganna á hugtaki). Neysla hins opinbera og einkarekinna sjálfseignarstofnana minnkar þegar um ræðir fjármunamyndun á eigin reikning.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** aukast laun og launatengd gjöld að því marki sem framleiðsla á eigin reikning varðar greiðslur til starfsmanna í friðu. Enn fremur eykst vergur rekstrarafgangur framleiðenda á markaði sem nemur þeim hluta framleiðslu á eigin reikning sem notaður er sem neysla heimila á eigin

afurðum (að frátöldum greiðslum til starfsmanna í friðu) og fjármunamyndun. Að því er varðar framleiðslu sem er afrakstur sjálfböðavinnu eykst rekstrarafgangur (einyrkjatekjur) einnig sem nemur virði ólaunaða vinnuaflsins sem notað er.

Áhrifin á VLF eru ótvírætt til hækkunar. Áhrif á **breytinguna frá VLF til VÞF** stafa eingöngu af greiðslum til starfsmanna í friðu til útlanda og frá útlöndum og er því líklegt að ekki verði um nein áhrif að ræða í raun. Þar eð þessi áhrif eru hverfandi verða áhrifin á VÞF einnig til hækkunar.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo í fyrsta lagi að nýju meginreglurnar um mat á framleiðslu á eigin reikning hafi í för með sér aukna framleiðslu að verðmæti 1 000 frá því sem var í mati samkvæmt EÞK 79, og að þar af svari 100 til greiðslna til starfsmanna í friðu, 400 til neyslu heimila á eigin afurðum og 500 til fjármunamyndunar framleiðenda á markaði á eigin reikning.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EÞK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng	Ráðstöfun
P10 +1 000	P3B + 500
	P41 + 500

Framleiðslureikningur		Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis		Tekjuskiptingarreikningur	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
N1 +1 000	P10 +1 000	R10 + 100	N1 +1 000		N2 + 900
		N2 + 900		N3 +1 000	R10 + 100
Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur		Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P3A + 500	N3 + 1 000	P41 + 500	N4 + 500		N5 + 0
N4 + 500		N5 + 0			

Setjum sem svo í öðru lagi að mat á vinnuaflinu, sem notað er, sé 800 ef beitt er hinum nýju reglum um mat á fjármunamyndun með sjálfböðavinnu.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EÞK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng	Ráðstöfun
P10 +800	P41 +800

Framleiðslureikningur		Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis		Tekjuskiptingarreikningur	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
N1 + 800	P10 + 800	N2 + 800	N1 + 800	N3 + 800	N2 + 800
Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur		Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
N4 + 800	N3 + 800	P41 + 800 N5 + 0	N4 + 800		N5 + 0

14. Virðislagmark fyrir fjárfestingarvörur

Lykilorð

	EÞK 79	EÞK 95
Aðföng	323 (d)	3.70 (e)
Fjármunamyndun	340 (a)	3.108 (a)

Lýsing á breytingunni

Í EÞK 79 er kveðið á um að verðlitlar varanlegar neysluvörur skuli því aðeins teljast til fjármunamyndunar að verðmæti þeirra sé að minnsta kosti ECU 100 á verðlagi ársins 1970, en í EÞK 95 er þetta lágmark ECU 500 á verðlagi ársins 1995. Nýja lágmarkið hefur í för með sér raunhækkun lágmarksins í öllum aðildarríkjum Evrópusambandsins, en því fylgir að farið er með stærri hluta kaupa á smærri fjárfestingarvörum sem aðföng.

Afleiðingar breytingarinnar

Í **framleiðsluuppgjörinu** verður aukning á aðföngum og samsvarandi minnkun á virðisauka að því er varðar framleiðendur á markaði. Því minnkar virðisauki sem tengist framleiðslu á markaði. Að því er varðar framleiðendur utan markaðar minnkar vergur virðisauki í samræmi við minni afskriftir sem eru mótsvörun hliðstæðrar minnkunar á fjármunamyndun.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** minnkar fjármunamyndun. Enn fremur verður samneysla hins opinbera fyrir tvenns konar áhrifum sem verka í gagnstæðar áttir: annars vegar aukast aðföng framleiðenda utan markaðar sem nemur minni fjármunamyndun, hins vegar minnka afskriftir.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** verður lækkun á vergum rekstrarafgangi sem jafngildir lækkun virðisauka framleiðenda á markaði að viðbætti lækkun á afskriftum framleiðenda utan markaðar.

Eins og ljóst er af framleiðsluuppgjörinu og tekjuskiptingaruppgjörinu eru áhrifin á VLF ótvírætt til lækkunar. Þar eð breytt lágmark hefur engin áhrif á **breytinguna frá VLF til VÞF** eru áhrifin á VLF hin sömu og áhrifin á VÞF.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að kaup framleiðenda á markaði á smærri fjárfestingarvörum að verðmæti 900 séu endurflokkuð og færð úr liðnum fjármunamyndun. Gerum enn fremur ráð fyrir að kaup framleiðenda utan markaðar að verðmæti 100 séu endurflokkuð á sama hátt og að nýja lágmarkið hafi í för með sér lækkun á afskriftum framleiðenda utan markaðar sem nemur 90.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EPK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng	Anvendelse
P10 + 10	P20 +1 000
	P3B + 10
	P41 - 1 000

Framleiðslureikningur		Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis		Tekjuskiptingarreikningur	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P20 +1 000	P10 + 10		N1 - 990		N2 - 990
N1 - 990		N2 - 990		N3 - 990	

Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur		Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P3A + 10	N3 - 990	P41 - 1 000	N4 - 1 000		N5 + 0
N4 - 1 000		N5 + 0			

15. Viðmiðanir vegna greinarmunarins á markaði/utan markaðar

Lykilorð

	EPK 79	EPK 95
Framleiðendur á markaði	315	3.24
Framleiðsla fyrir markað	305, 308	3.17
Framleiðendur utan markaðar	317	3.26
Framleiðsla utan markaðar	312	3.23

Lýsing á breytingunni

Reglunum um flokkun framleiðslueininga í framleiðendur á markaði og framleiðendur utan markaðar hefur verið gjörbreytt.

Í EPK 79 er það föst regla að framleiðsla tiltekinna þjónustugreina, sem tilgreindar eru í sérstakri skrá, er ætíð talin þjónusta á markaði, framleiðsla þjónustugreina á annarri skrá er ætíð talin utan markaðar og framleiðsla þjónustugreina á þriðju skránni telst þjónusta á markaði ef fjármagn framleiðslueiningarinnar kemur einkum frá sölu á framleiðslu hennar.

Í EPK 95 eru sömu viðmiðanir látnar gilda um alla starfsemi. Til dæmis eru aðrir framleiðendur utan markaðar skilgreindir sem staðbundnar rekstrareiningar eða stofnanaeiningar sem láta meirihluta framleiðslu sinnar af hendi ókeypis eða á verði sem hefur litla fjárhagslega þýðingu (þ.e. ef sala stendur undir minna en 50% framleiðslukostnaðar).

Afleiðing þessarar breytingar er að tiltekin framleiðslueining kann að flokkast sem framleiðandi á markaði samkvæmt EPK 79 en sem framleiðandi utan markaðar samkvæmt EPK 95, eða öfugt. Í öðru lagi er mat á framleiðslu utan markaðar endurskoðað í EPK 95 (sjá lið 20 hér á eftir), einkum að því er varðar styrki. Aðferðin við mat á framleiðslu ræðst af því hvort um er að ræða framleiðslu fyrir markað eða framleiðslu utan markaðar.

Afleiðingar breytingarinnar

Lítum á dæmi um framleiðsluciningu sem er endurflokkuð og færð frá markaðsframleiðslu til framleiðslu utan markaðar. Það var föst regla í EÞK 79 að slíkur framleiðandi taldist vera framleiðandi á markaði í krafti starfsgreinar sinnar, en samkvæmt reglum EÞK 95 gildir 50% reglan óháð starfsgrein. Endurflokkun í hina áttina hefur samsvarandi en öfugar afleiðingar.

Í **framleiðsluuppgjörinu** breytist framleiðslan sem nemur muninum á tekjum af sölu (ef til vill að viðbættum breytingum á birgðum af fullunninni vöru og vörum í vinnslu) og framleiðslukostnaði. Aðföng eru óbreytt. Virðisauki breytist frá því að vera reiknaður sem framleiðsla að frádregnum aðföngum í að vera reiknaður sem summan af launum og launatengdum gjöldum, afskriftum og öðrum sköttum að frádregnum framleiðslustyrkjum. Að því gefnu að framleiðandinn fullnægi ekki 50% viðmiðun EÞK 95 verða áhrifin á virðisauka til hækkunar.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** hækkar samneysla sem nemur framleiðslukostnaði umfram tekjur af sölu. Allir aðrir liðir eru óbreyttir.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** verður breytingin á vergum rekstrarafgangi jöfn breytingu á virðisauka að frádreginni breytingunni á öðrum framleiðslustyrkjum R312.

Þegar um ræðir endurflokkun frá framleiðendum á markaði til framleiðenda utan markaðar eru áhrifin á VLF ótvírætt til hækkunar. Þar eð endurflokkun getur átt sér stað í báðar áttir er ekki unnt að segja fyrir um heildaráhrifin á VLF. Þar eð **breytingin frá VLF til VPÞ** er ekki breytingum háð verða áhrifin á VPÞ hin sömu og á VLF.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að hjá ríkisreknu kvikmynda fyrirtæki (á markaði samkvæmt fastri reglu í EÞK 79) nemi tekjur af sölu 300, aðföng 200, laun og launatengd gjöld 500, afskriftir 50 og aðrir framleiðslutengdir skattar 50. Það fær yfirfærslu frá ríkinu til að standa undir tapi að fjárhæð 500, en samkvæmt reglum EÞK 79 er farið með þessa yfirfærslu sem frekari framleiðslutengdan styrk. Ekki er um aðrar tekjulindir að ræða og framleiðsluvaran er ekki flutt úr landi. Því verður fyrirtækið endurflokkað við breytinguna yfir í EÞK 95 frá því að vera framleiðandi á markaði í það að vera framleiðandi utan markaðar.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EÞK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng	Ráðstöfun
P10 + 500	P3B + 500

Framleiðslureikningur**Reikn. f. ráðstöfun
vinnsluvirðis****Tekjuskiptingarreikningur**

Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
N1 + 500	P10 + 500	N2 + 0	N1 + 500 R312 - 500	R312 - 500 N3 + 500	N2 + 0

Tekjuráðstöfunarreikningur**Fjármagnsreikningur****Reikningur fyrir útlönd**

Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P3A + 500 N4 + 0	N3 + 500	N5 + 0	N4 + 0		N5 + 0

16. Styrkir

Lykilorð

	EBK 79	EBK 95
Styrkir	421	4.30, 4.38 (j)
Yfirfærslur í friðu	475	4.105 (e)

Lýsing á breytingunni

Kröfur EBK 95 eru frábrugðnar kröfum EBK 79 (en til þeirra telst ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/475/EBE, KBE ⁽¹⁾), sem skýrir EBK 79 með tilliti til styrkja) að tvennu leyti.

Í fyrsta lagi telst eftirtalið ekki til styrkja í EBK 95: opinberar greiðslur til framleiðenda á markaði til að greiða að fullu eða að hluta fyrir vörur og þjónustu sem þessir framleiðendur á markaði veita heimilum beint og hverju fyrir sig í tengslum við félagslega áhættu og þarfir, og heimilin eiga lögfestan rétt á. Í fyrrnefndri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar var ekki kveðið á um félagslega þáttinn.

Í öðru lagi geta aðrir framleiðendur utan markaðar fengið aðra styrki til framleiðslu samkvæmt EBK 95 ef greiðslurnar lúta opinberum reglum sem gilda jafnt um framleiðendur á markaði sem utan markaðar. Samkvæmt EBK 79 gátu framleiðendur utan markaðar ekki fengið styrki. Þar sem málum er svo háttað verður framleiðsla framleiðenda utan markaðar fyrir áhrifum.

Afleiðingar breytingarinnar

Lítum í fyrsta lagi á greiðslur frá hinu opinbera sem renna til framleiðenda á grundvelli þjónustu sem er veitt heimilum, en uppfylla ekki félagslegar viðmiðanir EBK 95; þessar greiðslur teldust félagslegar greiðslur í friðu samkvæmt reglum EBK 79 (eins og það er skýrt í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um styrki) en vörutengdir styrkir í EBK 95. Í EBK 95 er þess beinlínis krafist að til þess að ekki verði farið með greiðslurnar sem einhliða yfirfærslur til framleiðenda, þ.e. styrki, verði þær að hafa félagslegan tilgang og einstaklingar að eiga tilkall til þeirra. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um styrki, sem skýrir EBK 79, er hvergi minnst á félagslegan tilgang, þ.e. útgjöld sem miða að því að ná yfir tiltekna áhættu og þarfir.

Í **framleiðsluuppgjörinu** lækka framleiðsla og virðisauki sem nemur fjárhæðinni sem er endurflokkuð á þennan hátt.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** lækkar neysla heimila um sömu fjárhæð.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** hækka framleiðslustyrkir sem nemur fjárhæðinni sem er endurflokkuð sem vörutengdir styrkir.

Áhrifin á VLF og VðF eru ótvírætt til lækkunar og jafnmikil og sú opinbera yfirfærsla sem er endurflokkuð sem vörutengdir styrkir.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að opinber greiðsla til framleiðenda á markaði að verðmæti 1 000 sé endurflokkuð og færð frá félagslegum greiðslum í friðu til vörutengdra styrkja.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EBK 79.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 224, 3. 9. 1993, bls. 27.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng	Ráðstöfun
P10 - 1 000	P3B -1 000

Framleiðslureikningur		Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis		Tekjuskiptingarreikningur	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
N1 - 1 000	P10 - 1 000	N2 + 0	N1 - 1 000 R311 +1 000	R311 +1 000 N3 - 1 000	N2 + 0

Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur		Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P3A - 1 000 N4 + 0	N3 - 1 000	N5 + 0	N4 + 0		N5 + 0

Setjum sem svo í öðru lagi að opinberar greiðslur að fjárhæð 1 000 til sjálfseignarstofnana, sem þjóna heimilum, séu endurflokkaðar og færðar frá rekstrartilfærslum til annarra framleiðslustyrkja.

Í **framleiðsluuppgjörinu** lækka framleiðsla og virðisauki sem nemur fjárhæðinni sem er endurflokkuð.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** lækkar neysla einkarekinna sjálfseignarstofnana sem þjóna heimilum um sömu fjárhæð.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** hækka framleiðslustyrkir sem nemur fjárhæðinni sem er endurflokkuð sem vórutengdir styrkir.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EPK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng	Ráðstöfun
P10 - 1 000	P3B -1 000

Framleiðslureikningur		Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis		Tekjuskiptingarreikningur	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
N1 - 1 000	P10 - 1 000	N2 + 0	N1 - 1 000 R31 + 1 000	R31 + 1 000 R66 - 1 000 N3 - 1 000	N2 + 0 R66 - 1 000

Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur		Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P3A - 1 000 N4 + 0	N3 - 1 000	N5 + 0	N4 + 0		N5 + 0

17. Frumverk skemmtiefnis, bókmenntaverka og listaverka*Lykilorð*

	EPK 79	EPK 95
Framleiðslumörk	309	3.67
Fjármunamyndun	340, 398	3.105 (b)

Lýsing á breytingunni

Framleiðsla á frumverkum skemmtiefnis, bókmenntaverka og listaverka er hluti fjármunamyndunar í EPK 95. Í EPK 79 er slík framleiðsla utan framleiðslumarka. Í næsta lið er fjallað um hvernig fara skal með tengda þjónustu, þ.e. greiðslur fyrir heimilaða notkun (afritun) slíkra frumverka.

Afleiðingar breytingarinnar

Í **framleiðsluuppgjörinu** eykst framleiðsla sem nemur virði frumverkanna sem verða til. Aðföng aukast sem nemur virði aðfanga sem notuð eru við framleiðsluna, en áður var farið með þau sem neyslu heimila. Virðisauki breytist sem nemur mismuninum á þessum tveimur liðum. Ekki verður sagt fyrir um í hvora áttina breytingin verður en ætla má að hún verði til aukningar í flestum tilvikum.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** vex fjármunamyndun sem nemur virði frumverkanna sem verða til. Neysla heimila minnkar sem nemur þeim útgjöldum sem eru endurflokkuð sem aðföng.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** verður breyting á vergum rekstrarafgangi sem endurspeglar breytinguna á virðisauka.

Þótt ekki verði sagt fyrir um hvort áhrifin á VLF og VÞF verða til hækkunar eða lækkunar virðist afar ólíklegt að aukning aðfanga hafi meiri áhrif en aukning framleiðslu. Ætla verður að áhrifin á VLF og VÞF verði til hækkunar.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að á reikningstímabilinu sé lokið við frumverk sem metin eru á 1 000. Til framleiðslunnar þarf aðföng að verðmæti 200. Ekki er um nein laun eða launatengd gjöld að ræða. Setjum enn fremur sem svo að hvorki eigi sér stað útflutningur né innflutningur á frumverkum skemmtiefnis, bókmenntaverka og listaverka.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EPK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng		Ráðstöfun	
P10	+1 000	P20	+ 200
		P3B	- 200
		P41	+1 000

Framleiðslureikningur**Reikn. f. ráðstöfun
vinnsluvirðis****Tekjuskiptingarreikningur**

Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng	
P20	+ 200	P10	+1 000			N1	+ 800			N2	+ 800
N1	+ 800			N2	+ 800			N3	+ 800		

Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur		Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P3A - 200	N3 + 800	P41 + 1 000	N4 + 1 000		N5 + 0
N4 + 1 000		N5 + 0			

18. Þjónusta sem tengist leyfi til að nota frumverk skemmtiefnis, bókmenntaverka og listaverka

Lykilorð

	EÞK 79	EÞK 95
Framleiðslumörk	309 (b)	3.67
Eignatekjur	436 (c)	

Lýsing á breytingunni

Í EÞK 95 eru greiðslur fyrir leyfi til að nota frumverk skemmtiefnis, bókmenntaverka og listaverka skráð sem sala og kaup þjónustu. Í EÞK 79 var farið með slíkar greiðslur sem eignatekjur.

Afleiðingar breytingarinnar

Venjulega koma greiðslur fyrir leyfi til að nota höfundarrétt listamanna og annarra frá útgefendum. Notkun slíkrar þjónustu kemur því aðallega fram sem aðföng að viðbættum útflutningi og innflutningi. Hið síðastnefnda kemur til vegna þess að útgefendur með búsetu erlendis kaupa leyfi til að nota höfundarrétt innlendra listamanna og öfugt.

Listamenn og aðrir þeir, sem vilja nýta sér höfundarrétt sinn, munu stundum þurfa að nýta sér milligöngumann sem hefur það hlutverk að fylgjast með því hvenær og hvar bækur eru gefnar út, upptökur leiknar og leikrit sett á svið. Slík útgjöld eru endurflokkuð og færð frá neyslu heimila til aðfanga. Fyrst og fremst eru það þó útgefendur sem kaupa þjónustu af þessu tagi en ekki listamennirnir sjálfir, og þá er hún hvort eð er skráð sem aðföng.

Í **framleiðsluuppgjörinu** eykst framleiðsla sem nemur sölu leyfisþjónustu að viðbætti þjónustu af því tagi sem framleiðendur utan markaðar kaupa. Aðföng innlendra útgefenda aukast um sömu fjárhæð að frádregnum hreinum útflutningi höfundarréttarþjónustu. Auk þess kunna listamennirnir sjálfir að hafa útgjöld vegna aðfanga í mynd greiðslna til milligöngumanna (umboðsmanna). Virðisauki breytist sem nemur muninum á þessum tveimur fjárhæðum. Ekki verður sagt fyrir um það í hvora áttina breytingin verður.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** minnkar neysla heimila sem nemur þeim greiðslum til umboðsmanna sem eru endurflokkaðar og færðar frá neyslu heimila til aðfanga. Auk þess koma greiðslur fyrir höfundarréttarþjónustu til útlanda og frá útlöndum nú fram sem innflutningur og útflutningur. Samneysla eykst að því marki sem framleiðendur utan markaðar kaupa höfundarréttarþjónustu.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** breytist vergur rekstrarafgangur í samræmi við breytinguna á virðisauka.

Eins og ljóst má vera af öllum þremur uppgjörunum verður ekki sagt fyrir um hvort áhrifin á VLF verða til hækkunar eða lækkunar. Að því er varðar **breytinguna frá VLF til VÞF** eru greiðslur fyrir leyfi til að nota frumverk listaverka endurflokkaðar og færðar frá eignatekjum til útlanda og frá útlöndum til innflutnings og útflutnings á þjónustu, en þar með verða áhrifin á viðskipti við önnur lönd hvorki til hækkunar né lækkunar í VÞF. Ekki verður sagt fyrir um hvort áhrifin á VÞF verða til hækkunar eða lækkunar fremur en áhrifin á VLF.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að heildargreiðslur frá innlendum útgefendum til listamanna, sem eru búsettir í landinu, nemi samtals 1 000 og að listamennirnir hafi engin útgjöld vegna aðfanga við sölu leyfa til að nota frumverk þeirra. Gerum enn fremur ráð fyrir að innflutningur slíkrar þjónustu nemi 100 og útflutningur 300. Öll viðskipti vegna innflutnings og útflutnings eru við útgefendur en ekki listamennina sjálfa.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EPK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng	Ráðstöfun
P10 + 1 300	P20 + 1 100
P60 + 100	P50 + 300

Framleiðslureikningur		Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis		Tekjuskíptingarreikningur	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P20 + 1 100	P10 +1 300	N2 + 200	N1 + 200	R40 - 100	N2 + 200
N1 + 200				N3 + 0	R40 - 300
Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur		Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
N4 + 0	N3 + 0	N5 + 0	N4 + 0		N5 + 0

19. Bilskúrar

Lykilorð

	EPK 79	EPK 95
Reiknuð leiga	315 (i)	3.64

Lýsing á breytingunni

Í EPK 95 segir að bilskúrar, sem eigandi íbúðarhúsnæðis nýtir sjálfur, teljist til reiknaðrar framleiðslu á íbúðarþjónustu þótt þeir séu ekki áfastir íbúðarhúsnæðinu. Í EPK 79 eru engar skýrar leiðbeiningar um slíka bilskúra. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/309/EB, KBE ⁽¹⁾ um meginreglur um mat á íbúðarþjónustu er að finna skýringar við EPK 79 að því er varðar íbúðarhúsnæði. Þar er mælt fyrir um að einungis þeir bilskúrar, sem eru áfastur hluti íbúðarhúsnæðis, skuli teljast með við útreikning á raunleigu og reiknaðri leigu fyrir íbúðarhúsnæði. Þannig er munur á því hvernig farið er með bilskúra til eigin nota sem eru ekki áfastir íbúðarhúsnæðinu.

Afleiðingar breytingarinnar

Þegar reiknuð leiga fyrir tiltekna bilskúra, sem íbúar í eigin íbúðarhúsnæði eiga og nýta sjálfir, er talin til framleiðslu hefur það áhrif á framleiðslu, virðisauka, neyslu heimila og vergan rekstrarafgang.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 186, 5. 8. 1995, bls. 59.

Í **framleiðsluuppgjörinu** eykst framleiðsla sem nemur reiknaðri leigu fyrir bílskúra sem eigendur nýta sjálfir, en aðföng aukast sem nemur kostnaði við viðgerðir og viðhald þessara bílskúra. Virðisauki eykst sem nemur muninum á þessum tveimur fjárhæðum.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** eykst neysla heimila sem nemur reiknaðri leigu að frátöldum hugsanlegum kostnaði við viðgerðir og viðhald.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** eykst vergur rekstrarafgangur sem nemur breytingu á virðisauka.

Að því gefnu að reiknuð leiga verði ávallt hærri en kostnaður við viðgerðir og viðhald leiðir breytingin á því hvernig farið er með tiltekna bílskúra til hækkunar á VLF.

Að slepptum hugsanlegum óbeinum áhrifum á eignatekjur vegna bílskúra sem eigendur, sem eru búsettir erlendis, nýta sjálfir verða áhrifin á VÞF hin sömu og á VLF.

Tölulegt dæmi

Gerum ráð fyrir að reiknuð leiga fyrir bílskúra að verðmæti 1 000 sé talin með framleiðslu á íbúðarþjónustu og að aðföng (rekstrargjöld) séu að verðmæti 50. Enginn þessara bílskúra er í eigu manna sem eru búsettir erlendis og ekki er um að ræða bílskúra erlendis sem eigendur, sem eru búsettir í landinu, nýta sjálfir.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EPK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng		Ráðstöfun	
P10	+1 000	P20	+ 50
		P3B	+ 950

Framleiðslureikningur

Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis

Tekjuskiptingarreikningur

Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng	
P20	+ 50	P10	+1 000			N1	+ 950	N3	+ 950	N2	+ 950
N1	+ 950			N2	+ 950						

Tekjuráðstöfunarreikningur

Fjármagnsreikningur

Reikningur fyrir útlönd

Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng	
P3A	+ 950	N3	+ 950			N4	+ 0			N5	+ 0
N4	+ 0			N5	+ 0						

20. Bifreiðaskráningargjöld sem heimili greiða

Lykilorð

	EPK 79	EPK 95
Skattar	414	4.14
Skattar á vöru og þjónustu	417.1	4.20 (d)

Lýsing á breytingunni

Í EÞK 79 er ekki að finna skýrar leiðbeiningar um hvernig skuli skrá bifreiðaskráningargjöld sem heimili greiða. Hins vegar var umfang skatta, sem tengjast framleiðslu, takmarkað við gjöld sem lögð eru á framleiðslueiningar. Venjulega er EÞK 79 túlkað þannig að bifreiðaskráningargjöld, sem heimili greiða, skuli skráð sem ýmsar rekstrartilfærslur.

Í EÞK 95 segir að bifreiðaskráningargjöld skuli skráð sem skattar á vöru og þjónustu. Umfang skatta á vöru og þjónustu samkvæmt EÞK 95 er sömuleiðis ekki lengur takmarkað við skatta sem lagðir eru á framleiðslueiningar.

Bifreiðaskráningargjöld, sem heimili eiga að greiða sem neytendur, eru endurflokkuð og færð frá ýmsum rekstrartilfærslum (R69), en þar eru þau trúlega skráð, til skatta á vöru og þjónustu (R221).

Afleiðingar breytingarinnar

Í **framleiðsluuppgjörinu** eykst framleiðsla og virðisauki á verði frá framleiðanda (hugtak í EÞK 79) sem nemur fjárhæðinni sem er endurflokkuð. Framleiðsla og virðisauki á grunnverði (hugtak í EÞK 95) breytast ekki.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** eykst neysla heimila sem nemur bifreiðasköttunum sem eru endurflokkaðir.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** hækka framleiðsluskattar og innflutningsgjöld sem nemur fjárhæðinni sem er endurflokkuð.

Þegar allt er tekið saman eru áhrifin á VLF ótvírætt til hækkunar. Þar eð ekki verða nein áhrif á breytinguna frá VLF til VÞF eru áhrifin á VÞF hin sömu og á VLF.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að bifreiðaskráningargjöld að fjárhæð 1 000, sem neytendur eiga að greiða, séu endurflokkuð sem skattar á vöru og þjónustu.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EÞK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng	Ráðstöfun
P10 + 1 000	P3B +1 000

Framleiðslureikningur

Reikn. f. ráðstöfun
vinnsluvirðis

Tekjuskiptingarreikningur

Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
N1 +1 000	P10 +1 000	R221 +1 000	N1 + 1 000	N3 + 1 000	N2 + 0
		N2 + 0			R221 +1 000

Tekjuráðstöfunarreikningur

Fjármagnsreikningur

Reikningur fyrir útlönd

Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P3A +1 000	N3 + 1 000	N5 + 0	N4 + 0		N5 + 0
N4 + 0					

21. Greiðslur til starfsmanna í friðu

Lykilorð

	EÞK 79	EÞK 95
Aðföng	324 (a)	3.71 (b)
Neysla heimila	330 (e), 628 1. nmgr.	3.76 (b)
Laun og launatengd gjöld	408 (j), 409 (a)	4.05, 4.06

Lýsing á breytingunni

Í EÞK 95 verða tvær breytingar.

Í EÞK 95 er aðstaða fyrir íþróttaiðkun og tómstundastarf starfsmanna og fjölskyldna þeirra talin til greiðslna til starfsmanna í friðu, en í EÞK 79 voru þessar fjárhæðir beinlínis undanskildar tekjum í friðu og þess í stað kveðið á um að þær skyldu skráðar sem aðföng vinnuveitenda.

Að auki er munur á mati á vörum og þjónustu úr eigin framleiðslu sem vinnuveitendur afhenda starfsfólki sínu. Í EÞK 95 eru slíkar vörur metnar á grunnverði. Í EÞK 79 eru þær metnar sem heildarframleiðslukostnaður (þ.e. ágóði framleiðandans er enginn samkvæmt fastri reglu).

Afleiðingar breytingarinnar

Í **framleiðsluuppgjörinu** eykst framleiðsla þegar um ræðir vörur úr eigin framleiðslu sem eru afhentar starfsmönnum (gagnstætt því sem er þegar vörurnar eru keyptar frá öðrum framleiðendum). Aðföng minnka þar eð tilteknir útgjaldaliðir (kaup frá öðrum framleiðendum) eru endurflokkaðir og færðir frá aðföngum til neyslu. Virðisauki eykst í báðum tilvikum.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** eykst neysla heimila sem nemur hækkun á virði tekna í friðu.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** aukast laun og launatengd gjöld um sömu fjárhæð og neysla heimila.

VLF eykst sem nemur hækkun á greiðslum í friðu. Breytingin frá VLF til VÞF verður fyrir áhrifum af öllum greiðslum í friðu til starfsmanna til útlanda og frá útlöndum, og því verður ekki sagt fyrir um hvort áhrifin á VÞF verða til hækkunar eða lækkunar þótt nær öruggt sé að þau verða til hækkunar í raun.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að virði eigin vöru og þjónustu, sem látin er starfsmönnum í té, hækki um 500. Gerum enn fremur ráð fyrir að vörur að verðmæti 500 séu endurflokkaðar og færðar frá aðföngum til greiðslna til starfsmanna í friðu. Þessi breyting á hugtaki hefur ekki áhrif á laun og launatengd gjöld til útlanda og frá útlöndum.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EÞK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng		Ráðstöfun	
P10	+ 500	P20	- 500
		P3B	+1 000

Framleiðslureikningur		Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis		Tekjuskiptingarreikningur	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P20 - 500	P10 + 500	R10 +1 000	N1 + 1 000		N2 + 0
N1 + 1 000		N2 + 0		N3 + 1 000	R10 +1 000
Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur		Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P3A +1 000	N3 + 1 000		N4 + 0		N5 + 0
N4 + 0		N5 + 0			

22. Leyfi til að nota óáþreifanlegar eignir sem eru ekki framleiddar

Lykilorð

	EPK 79	EPK 95
Óáþreifanlegar eignir sem eru ekki framleiddar	309 (b)	7.43
Einkaleyfisþóknun	436 (c)	3.70 (f)

Lýsing á breytingunni

Í EPK 95 eru sala og kaup leyfa til að nota óáþreifanlegar eignir, sem eru ekki framleiddar (einkaleyfi, vörumerki, höfundarrétt o.s.frv.), skráð sem framleiðsla annars vegar og neysla hins vegar. Í EPK 79 teljast slíkar greiðslur til eignatekna.

Afleiðingar breytingarinnar

Í **framleiðsluuppgjörinu** eykst framleiðsla sem nemur virði slíkra leyfisgreiðslna til innlendra framleiðenda á markaði. Aðföng aukast sem nemur greiðslum innlendra framleiðenda til eigenda þeirra óáþreifanlegu eigna sem að baki liggja, hvort sem þeir eru búsettir innanlands eða utan. Því verður ekki sagt fyrir um hvort áhrifin á virðisauka verða til hækkunar eða lækkunar.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** eykst neysla heimila sem nemur þeim leyfisgreiðslum (ef nokkrar eru) sem heimili greiða sem neytendur. Samneysla eykst sem nemur fjárhæð greiðslnanna að frádregnum tekjum framleiðenda utan markaðar af einkaleyfisþóknun. Útflutningur og innflutningur eykst sem nemur leyfisgreiðslum til útlanda og frá útlöndum.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** breytist vergur rekstrarafgangur jafnmikið og virðisauki.

Vegna viðskipta við önnur lönd verður ekki sagt fyrir um hvort áhrifin á VLF verða til hækkunar eða lækkunar. Við **breytinguna frá VLF til VPÞ** minnka eignatekjur, sem greiddar eru til útlanda og frá útlöndum, sem nemur þeim fjárhæðum sem eru endurflokkaðar sem innflutningur og útflutningur á þjónustu. Ef að minnsta kosti einn þáttur innanlandsneyslu eykst vegna þessarar breytingar á hugtaki verða áhrifin á VPÞ til hækkunar.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að aðilar með búsetu í landinu fái leyfisgreiðslur að fjárhæð 1 000 og greiði út 700. Framleiðendur utan markaðar hafa útgjöld vegna einkaleyfisþóknunar að fjárhæð 50 og engar tekjur. Útflutningur leyfisþjónustu nemur 500 og innflutningur 200. Heimili inna engar leyfisgreiðslur af hendi sem neytendur.

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EPK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng		Ráðstöfun	
P10	+1 050	P20	+ 700
P60	+200	P3B	+ 50
		P50	+ 500

Framleiðslureikningur		Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis		Tekjuskiptingarreikningur	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P20 + 700	P10 +1 050		N1 + 350	R40 - 200	N2 + 350
N1 + 350		N2 + 350		N3 + 50	R40 - 500

Tekjuráðstöfunarreikningur		Fjármagnsreikningur		Reikningur fyrir útlönd	
Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng	Ráðstöfun	Aðföng
P3A + 50	N3 + 50		N4 + 0		N5 + 0
N4 + 0		N5 + 0			

23. Stimpilgjöld

Lykilorð

	EPK 79	EPK 95
Skattar á vöru og þjónustu	417.2	4.20
Aðrir skattar sem tengjast framleiðslu/ Ýmsar rekstrartilfærslur	417.3, 495	4.23

Lýsing á breytingunni

Í EPK 95 segir að stimpilgjöld séu skráð sem skattar á vöru og þjónustu. Í EPK 79 er farið með stimpilgjöld, sem framleiðendur greiða, sem aðra skatta sem tengjast framleiðslu R22. Ekki eru gefnar neinar skýrar leiðbeiningar um stimpilgjöld sem heimili greiða sem neytendur. Stimpilgjöld af því tagi eru þess vegna skráð undir liðnum ýmsar rekstrartilfærslur R69, enda er ekki að finna neinar leiðbeiningar um annað.

Afleiðingar breytingarinnar

Í **framleiðsluuppgjörinu** eykst framleiðsla sem nemur heildarfjárhæð stimpilgjalda. Aðföng aukast sem nemur þeim hluta stimpilgjalda sem framleiðendur greiða. Virðisauki eykst sem nemur muninum á heildarfjárhæð stimpilgjalda og stimpilgjalda sem eru innifalin í aðföngum framleiðenda á markaði og utan markaðar.

Í **ráðstöfunaruppgjörinu** eykst neysla heimila sem nemur þeim stimpilgjöldum sem heimili greiða sem neytendur. Fjármunamyndun eykst sem nemur stimpilgjöldum sem leggjast á yfirfærslukostnað.

Í **tekjuskiptingaruppgjörinu** breytist vergur rekstrarafgangur jafnmikið og virðisauki.

Áhrifin á VLF eru ótvírætt til hækkunar. Þessi breyting á hugtaki hefur ekki áhrif á **breytinguna frá VLF til VÞF** og áhrifin á VÞF eru því hin sömu og á VLF.

Tölulegt dæmi

Setjum sem svo að stimpilgjöld að fjárhæð 500 séu endurflokkuð og færð frá öðrum sköttum sem tengjast framleiðslu til skatta á vöru og þjónustu og að ýmsar rekstrartilfærslur að verðmæti 500 séu endurflokkuð sem skattar á vöru og þjónustu. Af þeim stimpilgjöldum, sem framleiðendur greiða, varða 250 aðföng og 250 fjármunamyndun (yfírfærslukostnað).

Reikningsmeðferð í einfölduðu þjóðhagsreikningunum: breytingar sem verða á skráningunni eins og hún var samkvæmt reglum EPK 79.

Reikningur fyrir vöru og þjónustu

Aðföng		Ráðstöfun	
P10	+1 000	P20	+ 250
		P3B	+ 500
		P41	+ 250

Framleiðslureikningur

Reikn. f. ráðstöfun vinnsluvirðis

Tekjuskiptingarreikningur

Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng	
P20	+ 250	P10	+ 1 000	R20	+ 500	N1	+ 750			N2	+ 250
N1	+ 750			N2	+ 250			N3	+ 750	R20	+ 500

Tekjuráðstöfunarreikningur

Fjármagnsreikningur

Reikningur fyrir útlönd

Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng		Ráðstöfun		Aðföng	
P3A	+ 500	N3	+ 750	P41	+ 250	N4	+ 250			N5	+ 0
N4	+ 250			N5	+ 0						